



Fréttatilkynning

15 Apríl 2026 18:40:00 GMT

## Arion banki: Ekki verður af samruna Arion banka og Kviku banka

**Forviðræðum Kviku banka og Arion banka við Samkeppniseftirlitið vegna samrunaáforma félaganna er lokið. Í dag funduðu fulltrúar Kviku banka og Arion banka með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins sem kynntu afstöðu sína að loknum forviðræðum.**

Í ljósi þeirrar afstöðu Samkeppniseftirlitsins sem fram kom á fundinum telja stjórnir Kviku banka og Arion banka að ekki geti orðið af samruna félaganna. Stjórnir bankanna hafa því fallið frá samrunaáformum sem upplýst var um í tilkynningu til kauphallar þann 6. júlí 2025.

### **Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka:**

„Samrunaviðræður Arion banka og Kviku banka gengu vel og sáu báðir aðilar mikil tækifæri til að auka skilvirkni í íslensku fjármálakerfi viðskiptavinum og hluthöfum til góðs. Vil ég þakka Kviku banka ánægjulegt samstarf síðustu mánuði.

Mikil og vönduð vinna var lögð í forviðræður við Samkeppniseftirlitið og lögðu félögin fram margvíslegar lausnir til að stuðla að virkri og öflugri samkeppni á fjármálamarkaði. Afstaða Samkeppniseftirlitsins til samruna félaganna kemur því nokkuð á óvart og eru vonbrigði.

Arion banki hefur á undanförunum árum verið í forystu á íslenskum fjármálamarkaði með fjölbreyttri og snjallri fjármálaþjónustu. Við munum óhikað halda áfram á þeirri braut og þróa og efla þjónustu okkar með þarfir viðskiptavina að leiðarljósi.“

### **Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [samskiptasvid@arionbanki.is](mailto:samskiptasvid@arionbanki.is), s. 856 7108.

*Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR). Upplýsingarnar voru sendar til birtingar í gegnum ofangreinda tengiliði þann 2026-04-15 18:40 GMT.*



## Viðhengi

---

[Arion banki: Ekki verður af samruna Arion banka og Kviku banka](#)